

Norðurlandi vestra, 10. nóvember 2020

Atvinnuveganefnd Alþingis
Sent rafrænt á nefndasvid@althingi.is

Efni: Umsögn stjórnar Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra (SSNV) tillögu til þingsályktunar um aðgerðaáætlun um nýtingu þörunga, 49. mál.

Atvinnuveganefnd hefur óskað eftir umsögn SSNV um tillögu til þingsályktunar um nýtingu þörunga. Um er að ræða áform um stofnun starfshóps sem kanna ætti möguleika á aukinni nýtingu þörunga og setji í því skyni fram aðgerðaáætlun varðandi lagaumgjörð og reglur um annars vegar nýtingu þörunga sem vaxa í sjó og hins vegar um þörungaráætlun á landi og í sjó.

Stjórn SSNV fagnar framkominni tillögu enda felast fjölmörg tækifæri til verðmætasköpunar á þessu sviði á Norðurlandi vestra. Mikilvægt er að tryggja að nýsköpun og þróun innan málaflokksins verði auðvelduð eins og kostur er, t.d. með hvötum eins og fram kemur í þingsályktunartillögunni, um leið og sjálfbærni verði höfð að leiðarljósi.

Í Sóknaráætlun Norðurlands vestra, undir málaflokknum atvinnuþróun og nýsköpun, er ein af megináherslunum að fjölga vaxtarbroddum og styrkja grunnstoðir í atvinnulífinu, til dæmis í nýsköpun og sjávarútvegi. Innihald þingsályktunartillögunnar samræmist vel þeirri áherslu. Tækifæri í vinnslu og ræktun þörunga eru mikil og felast í henni möguleikar til að efla starfsemi sem þegar er til staðar í landshlutanum sem og hvetja til nýrrar starfsemi.

Stjórn SSNV styður því að þingsályktunartillagan verði samþykkt. Hún áskilur sér jafnframt rétt til að gera umsagnir um málið á seinni stigum.

F. h. Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra,



Unnur Valborg Hilmarsdóttir,
framkvæmdastjóri.